



FJÖLMIÐLANEFND

15. ágúst 2018
Ákvörðun nr. 2/2018

Óheimil kostun fréttatengds efnis og brot á reglum um hlutlægni í umfjöllun um fyrirtækið Sigurplast í þættinum *Þrotabú Sigurplasts*, í þáttaröðinni *Atvinnulífið*, sem sýndur var á Hringbraut 8. febrúar 2018.

I. Málsvik

Þann 8. febrúar 2018 var til sýninga á sjónvarpsstöðinni Hringbraut þáttur í þáttaröðinni *Atvinnulífið*, *Þrotabú Sigurplasts*, þar sem til umfjöllunar var gjaldþrot fyrirtækisins Sigurplast. Þátturinn var jafnframt aðgengilegur á vef Hringbrautar, Hringbraut.is, eftir sýningu hans í sjónvarpi, auk þess sem brotum úr honum var miðlað á Facebook-síðunni *Arion banki*, *Sigurplast* og *skiptastjórinn* undir yfirskriftinni *Skiptastjóri laug fyrir rétti og Tilefnislaus málaferli [GS] skiptastjóra Sigurplast* [sic], en ekki kemur fram á Facebook-síðunni hverjir aðstandendur hennar eru. Þátturinn var í umsjón Sigurðar K. Kolbeinssonar og framleiddur af Köben ehf.

Í þættinum var farið yfir aðdraganda þess að fyrirtækið Sigurplast var tekið til gjaldþrotaskipta og rætt við fyrrum eigendur Sigurplasts. Fram kom að þátturinn væri kostaður af fyrirtækinu KB-umbúðir.

Í kynningu þáttarins á vef Hringbrautar sagði:

Þáttur Atvinnulífsins um málefni þrotabús Sigurplasts verður endursýndur kl. 20.30 í kvöld en þátturinn hefur vakið mikla athygli. Þar er fjallað um árangurslausar tilraunir skiptastjórans [GS], hrl, í yfir 6 ár við að ná fjármunum til baka af fyrrum eigendum fyrirtækisins umfram fyrirtækið sjálft sem þeir misstu í hendur Arion banka vegna gengistryggðra lána sem síðar voru dæmd ólögmat. Skiptastjórinn varð að lúta í lægra haldi fyrir héraðsdómi sem og Hæstarétti og þurfti m.a. á endanum að endurgreiða lögmanni fyrrum eigenda rúmar 6 milljónir kr. til baka í málskostnað eftir því sem fram



FJÖLMÍÐLANEFND

kemur í skýrslu um skiptalok sem gefin var út í júní 2016. Af þeim 50 milljón krónum sem skiptastjóranum var úthlutað frá Arion banka þáði skiptastjórinn sjálfur 25 millj. kr. í þóknun og keypti auk þess skýrslu af EY sem kölluð var Rannsókn á bókhaldi Sigurplasts fyrir 18 millj. kr. en sú skýrsla var einskis metin. Margir hafa haft samband við Hringbraut og þáttastjórnandann Sigurð K. Kolbeinsson og lýst furðu sinni á þessu máli.

Þess skal getið að efni þáttarins hefur verið fjarlæggt af vef Hringbrautar en er ennþá aðgengilegt á Youtube og Facebook-síðunni *Arion banki, Sigurplast og skiptastjórinn*.

Auðkenning kostanda

Í upphafi þáttarins *Þrotabú Sigurplasts* birtist skjámynd með tilkynningu þess efnis að hann sé kostaður af KB umbúðum. Samkvæmt upplýsingum á vef ríkisskattstjóra er forráðamaður KB umbúða Sigurður Lennart Sævarsson, sem jafnframt er fyrrverandi framkvæmdastjóri Sigurplasts.

Efni þáttar

Þátturinn er 29 mínútur að lengd og hefst með því að framleiðandi og þáttastjórnandi, Sigurður K. Kolbeinsson, ræðir við fyrrverandi stjórnarformann Sigurplasts, Jón Snorra Snorrason, um aðdraganda þess að fyrirtækið Sigurplast var tekið til gjaldþrotaskipta, m.a. um ætlað ólögmæti gengistryggðs láns sem Sigurplast tók og leiddi til þess að félagið fór í þrot, og sölu skiptastjóra á eignum Sigurplasts til Arion banka, sem bankinn er sagður hafa átt allsherjarveð í. Í framhaldi er birt yfirlýsing Arion banka vegna málsins, þar sem fram koma nánari skýringar bankans á málinu.

Því næst er rætt við Sigurð L. Sævarsson, fyrrum framkvæmdastjóra Sigurplasts, um hans hlið á þeirri atburðarrás sem leiddi til þess að Sigurplast fór í þrot. Hafa viðmælandi og þáttastjórnandi uppi harða gagnrýni á nafngreindan skiptastjóra þrotabús Sigurplasts, m.a. á kostnað vegna vinnu hans við málið. Nefnir Sigurður að umræddur skiptastjóri hafi keypt álit viðskiptafræðings hjá endurskoðunarfyrirtækinu Ernst & Young, sem kallað hafi verið *Rannsókn á bókhaldi Sigurplasts* og komið hafi út í janúar 2011.

Í kjölfarið greinir þáttastjórnandi frá því að Atvinnulífið hafi skýrsluna undir höndum og þar séu fyrrum eigendur Sigurplasts bornir þungum sökum. Fram kemur að undir skýrsluna skrifi nafngreindur viðskiptafræðingur og birtist mynd af honum á skjánum á mínútu 12.02-12.07. Í kjölfarið upplýsir fyrrum framkvæmdastjóri Sigurplasts þáttastjórnanda um að skiptastjórinn hafi greitt Ernst & Young rúmar 18 milljónir kr. fyrir skýrslugerðina. Greint er frá því að Endurskoðendaráð, opinber nefnd skipuð af ráðherra, hafi fjallað um efni skýrslunnar og talið



FJÖLMÍÐLANEFND

að hún fæli ekki í sér staðfestingavinnu í samræmi við alþjóðlega endurskoðendastaðla eða aðra staðla.

Áfram er rætt við fyrrum framkvæmdastjóra Sigurplasts, sem segir að aldrei hafi verið leitað svara við spurningum skýrsluhöfundar hjá fyrrum eigendum Sigurplasts. Aðeins hafi verið stuðst við gögn og gengisútreikninga frá Arion banka og þau gögn notuð til að komast að þeirri niðurstöðu að Sigurplast hafi verið ógjaldfært þremur árum áður en gjaldþrotið átti sér stað. Hæstiréttur Íslands hafi hins vegar fellt þann dóm sjö mánuðum áður en skýrslan kom út, eða í júní 2010, að slíkir gengisútreikningar væru ólögmætir.

Fram kemur að Sigurplast hafi fengið endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte til að meta gjaldhæfi Sigurplasts út frá hinum gengistryggðu lánum. Niðurstaða Deloitte árið 2014 hafi verið sú að Sigurplast hafi verið að fullu greiðslu- og rekstrarhæft. Í riftunarmáli sem skiptastjórinn hafi höfðað hafi skýrsla Deloitte verið lögð fram gegn skýrslu Ernst & Young og hafi þurft dómkvaddan matsmann til að skera úr um hvor skýrsluhöfundurinn hefði rétt fyrir sér. Niðurstaða hans hafi verið sú að Sigurplast hafi bæði verið rekstrar- og greiðsluhæft.

Þá kemur fram í samtali þáttastjórnanda og fyrrum framkvæmdastjóra Sigurplasts að skiptastjóri hafi kært fyrirsvarsmenn Sigurplasts til sérstaks saksóknara fyrir ýmis konar brot, fjárdrátt, skjalafals, bókhaldsbrot og umboðssvik, á grundvelli þess sem fram hafi komið í skýrslu Ernst & Young, en lögregla hafi fellt málið niður.

Í þættinum er einnig rætt við Sævar Sigurðsson, fyrrum starfsmann Sigurplasts og föður fyrrum framkvæmdastjórans, um riftun á launagreiðslu til hans sem greidd var skömmu fyrir gjaldþrotið. Í því viðtali talar þáttastjórnandi ítrekað um meinta aðför skiptastjórans gegn starfsmanninum og kveður hann einnig hafa ráðist gegn honum, sbr. eftirfarandi inngang að viðtalinu:

Þáttastjórnandi: Aðdróttanir [GS] beindust ekki bara gegn fyrrum eigendum Sigurplasts, heldur réðst hann gegn föður framkvæmdastjórans, eftirlaunaþega, sem hafði starfað árum saman sem bílstjóri hjá fyrirtækinu. [G] höfðaði riftunarmál á hendur Sævari Sigurðssyni, þar sem hann fór fram á að héraðsdómur rifti síðustu launagreiðslu til Sævars að upphæð 187 þúsund krónur, á þeim grundvelli að um væri að ræða greiðslu til venndaðs aðila sem hefði verið greidd viku fyrir gjaldþrot fyrirtækisins. Atvinnulífið hefur einnig undir höndum skjöl sem sýna að skiptastjórinn varði 1,1 milljón króna í kostnað við að rifta kröfu sem var 187.000 kr.



FJÖLMIÐLANEFND

Ekki kemur fram í þættinum að ákvörðun skiptastjórans um riftun greiðslunnar til föður framkvæmdastjóra Sigurplasts hafi verið staðfest fyrir héraðsdómi á grundvelli hlutlægra reglna í lögum um gjaldþrotaskipti nr. 91/1991.¹

Í þættinum er ekki rætt við [GS], skiptastjóra þrotabúsins, en fram kemur að honum hafi verið boðið að koma í viðtal til að svara þeim ásökunum sem fram hefðu komið um störf hans. Hafi hann ekki orðið við þeirri ósk en þess í stað sent yfirlýsingu í tölvupósti, sem lesin er upp í þættinum.

Í máli þáttastjórnanda kemur fram að skiptastjóri hafi ranglega haldið því fram fyrir héraðsdómi að rafrænt bókhald Sigurplasts hafi horfið, sbr. eftirfarandi ummæli, sem lesin eru upp af þáttastjórnanda:

Þess má geta að Atvinnulífið hefur undir höndum gögn sem sýna að [GS] gekk mjög langt í að reyna að koma höggi á fyrrverandi eigendur Sigurplasts og sem dæmi um slíkt má benda á þegar hann fullyrðir í málflutningi fyrir héraðsdómi þann 17. janúar 2013 að hægt sé að sannreyna að gögnum hafi verið eytt úr rafrænu bókhaldi Sigurplasts, þrátt fyrir að rúmu ári áður hafi sá hinn sami fengið staðfestingarbréf bókhaldsútskrifta löggilts endurskoðanda Ernst & Young, Friðbjörns Björnssonar, sem innihélt allar bókhaldshreyfingar félagsins árið 2007-2010.

Undir lok þáttar lætur þáttastjórnandi þess getið að meintar rangfærslur skiptastjórans fyrir dómi hafi verið kærðar til úrskurðarnefndar lögmannna sem hafi komist að þeirri niðurstöðu að skiptastjórinn hefði verið í góðri trú er hann fullyrti fyrir dómi að rafrænt bókhald Sigurplasts hefði horfið. Um leið tekur þáttastjórnandi fram að skiptastjóri hafi um árabil verið varamaður í umræddri úrskurðarnefnd Lögmannafélagsins.

Í þættinum, sem er um 29 mínútur að lengd, birtist andlitsmynd af skiptastjóra þrotabús Sigurplasts sex sinnum á skjánum meðan á umfjöllun stendur, á mínútum 8.30-8.49, 9.58-10.12, 17.05-17.35, 22.25-23.11, 26.48-27.09 og 27.18-27.32. Auk þess birtist skjáskot af frétt um málið, með sömu andlitsmynd af skiptastjóra, á mínútu 19.02-19.18.

¹ Sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. E-214/2012.



FJÖLMIÐLANEFND

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Í bréfi fjölmiðlanefndar, dags. 16. mars sl., var óskað eftir sjónarmiðum og upplýsingum Hringbrautar Fjölmiðla vegna þáttarins *Protabú Sigurplasts* í þáttaröðinni Atvinnulífið.

Í bréfinu var vísað í ákvæði 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun á fréttum og fréttatengdu efni og 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, en í ákvæði 26. gr. er m.a. kveðið á um skyldu fjölmiðla til að gæta að tjáningarfrelsi, friðhelgi einkalífs og hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni.

Fram kom að ljóst mætti vera af framangreindum lagaákvæðum að óheimilt væri að kosta fréttir og fréttatengt efni. Þá bæri fjölmiðlum að gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram.

Óskaði fjölmiðlanefnd eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Óskað var eftir sjónarmiðum Hringbrautar Fjölmiðla varðandi það hvort Hringbraut Fjölmiðlar teldu dagskrárliðinn til kynningarefnis, þ.e. viðskiptaboða, eða fréttatengds ritstjórnarefnis.
- Óskað var staðfestingar þess að dagskrárliðurinn hefði verið kostaður af fyrirtækinu KB-umbúðum.
- Væri það mat Hringbrautar Fjölmiðla að um væri að ræða fréttatengt efni óskaði fjölmiðlanefnd eftir sjónarmiðum Hringbrautar Fjölmiðla varðandi þær kröfur sem gerðar eru til hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni, sbr. 26. gr. laga um fjölmiðla, og hvort Hringbraut Fjölmiðlar teldu að þær kröfur hefðu verið uppfylltar í því dagskrárefni sem vísað var til í bréfinu.

Loks minnti fjölmiðlanefnd á að fjölmiðlaveitur bera ábyrgð á því efni sem miðlað er á fjölmiðlum í þeirra eigu, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla, óháð því hvort efnið er framleitt af fjölmiðlaveitunni sjálfri eða þriðja aðila. Þess var óskað að svör Hringbrautar Fjölmiðla bærust nefndinni eigi síðar en 3. apríl 2018. Erindi fjölmiðlanefndar var ítrekað með tölvupósti 13. apríl 2018 þar sem engin formleg svör höfðu borist frá Hringbraut Fjölmiðlum.

Með bréfi Hringbrautar Fjölmiðla, dags. 16. apríl 2018, bárust svör við bréfi nefndarinnar, dags. 16. mars. Þar kom fram að Hringbraut Fjölmiðlar væru í samstarfi við Sigurð K. Kolbeinsson um þættina Atvinnulífið. Hingað til hafi Hringbraut Fjölmiðlar tekið við þáttum frá honum og sýnt þá. Þá sagði í svörunum: „Ef farið hefur verið út fyrir reglur þar þá tókum við á okkur ábyrgð þar sem ritstjórnarlegt vald liggur okkar megin.“ Af svörum Hringbrautar



FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðla og vísan til ritstjórnarlegrar ábyrgðar mátti ráða að þættirnir væri taldir til ritstjórnarefnis en ekki viðskiptaboða. Ekki kom fram í svörum Hringbrautar Fjölmiðla staðfestingu þess að þættirnir hefðu verið kostaðir af fyrirtækinu KB-umbúðum. Þá kom ekki fram hvort fjölmiðlaveitan teldi að kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni, sbr. 26. gr. laga um fjölmiðla, hefðu verið uppfylltar í fyrrgreindum þætti.

2.

Þann 21. júní 2018 sendi fjölmiðlanefnd Hringbraut Fjölmiðlum annað erindi vegna málsins. Þar kom fram það frummat nefndarinnar að með miðlun þáttarins *Protabú Sigurplasts* á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og vefnum Hringbraut.is hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 1. og 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun á fréttatengdu efni. Jafnframt kom fram það frummat fjölmiðlanefndar að með miðlun þáttarins hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, með því að gæta ekki að hlutlægni og nákvæmni í fréttatengdu efni.

Fjölmiðlanefnd benti á að brot gegn ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla, þar á meðal 2. mgr. 42. gr., gætu varðað stjórnvaldssektum samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. Fram kom að við ákvörðun sektar skuli m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitna af broti þegar það ætti við, sbr. 4. mgr. 54. gr. Þá væri fjölmiðlanefnd heimilt að gefa út álit vegna brota á lögnum, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Loks kom fram í erindinu að fjölmiðlanefnd vildi gefa Hringbraut Fjölmiðlum frekara færi á að koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanleg brot gegn 2. mgr. 42. gr. og 26. gr. laga um fjölmiðla. Ítrekuð var beiðni nefndarinnar um staðfestingu þess að þátturinn *Protabú Sigurplasts* í þáttaröðinni Atvinnulífið hafi verið kostaður af fyrirtækinu KB-umbúðum. Þá óskaði fjölmiðlanefnd enn fremur eftir upplýsingum um tekjur Hringbrautar Fjölmiðla vegna kostunar á fyrrgreindum þætti. Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Hringbrautar Fjölmiðla bærust nefndinni eigi síðar en 2. júlí. Þann 3. júlí var erindið ítrekað.

Engin svör bárust frá Hringbraut Fjölmiðlum, hvorki við bréfi fjölmiðlanefndar né ítrekun nefndarinnar, og var málið tekið til ákvörðunar á fundi nefndarinnar 15. ágúst 2018.



FJÖLMÍÐLANEFND

III. Niðurstaða fjölmiðlanefndar

1.

Með kostun hljóð- og myndefnis er átt við hljóð- og myndsendingu í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- eða myndverka, sbr. 27. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. sömu laga er fjölmiðlaveitu heimilt að afla kostunar við gerð og kaup hljóð- og myndmiðlunarefnis. Sá áskilnaður er þó gerður að kostandi hafi ekki áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raski ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar.

Þrátt fyrir heimild 1. mgr. 42. gr. segir í 2. mgr. ákvæðisins að óheimilt sé að kosta fréttauðsendingar og fréttatengt efni. Ákvæðið á samsvörun í 4. mgr. 10. gr. hljóð- og myndmiðlunarstilskipunar 2010/13/ESB en í álitni nefndar á vegum Evrópuráðsins (Standing Committee on Transfrontier television on advertising and sponsorship) nr. 4/1995 segir að tilgangur ákvæðisins sé að forða því að notendur fjölmiðla rugli saman hlutlausum upplýsingum og auglýsingum. Hugtakið fréttatengt efni hefur af fræðimönnum verið talið vísa til dagskrárefnis sem tengist fréttum með beinum hætti, eins og fréttaskýringa og fréttagreininga. Um er að ræða efni sem byggist á vinnubrögðum gagnrýnnar rannsóknarblaðamennsku.

Auk framangreinds segir í 26. gr. laga um fjölmiðla að fjölmiðlaveita skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti og einnig friðhelgi einkalífs, nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Þá skuli fjölmiðlaveita gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna. Í umfjöllun um ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir:

Krafan um hlutlægni felur m.a. í sér að staðhæfingar sem settar eru fram skulu vera réttar og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram. En í þessu sambandi er vísað til m.a. faglegrar blaða- og fréttamennsku um að leitað sé margra heimilda og heimildarmanna til að sannreyna staðreyndir áður en upplýsingar eru birtar. Líta verður til félagslegra gilda fréttar og upplýsinga þar sem blaða- og fréttamenn þurfa með ábyrgum hætti að miðla upplýsingum og fréttum til notenda. Bláða- og fréttamenn bera



FJÖLMIÐLANEFND

Því siðferðislega ábyrgð á því efni sem miðlað er og bera fyrst og fremst ábyrgð gagnvart notendum fjölmiðlanna.

Engin viðurlög eru við brotum á ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla en fjölmiðlanefnd er heimilt að gefa út álit vegna brota á lögnum, sbr. 3. mgr. 11. gr. Brot gegn ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla, þar á meðal 1. og 2. mgr. 42. gr., geta hins vegar varðað stjórnvaldssektum samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr.

2.

Í þættinum *Protabú Sigurplasts*, í þáttaröðinni *Atvinnulífið*, ræðir þáttastjórnandinn, Sigurður K. Kolbeinsson, eins og áður greinir við fyrirverandi stjórnarformann Sigurplasts, Jón Snorra Snorrason, Sigurð L. Sævarsson, fyrrum framkvæmdastjóra Sigurplasts og Sævar Sigurðsson, fyrrum starfsmann Sigurplasts og föður fyrrum framkvæmdastjórans. Rekja umræddir viðmælendur sínar hliðar á aðdraganda þess að fyrirtækið Sigurplast var tekið til gjaldþrotaskipta og hafa bæði þeir og þáttastjórnandi uppi harða gagnrýni á nafngreindan skiptastjóra þrotabús Sigurplasts, en andlitsmynd af honum birtist alls sjö sinnum í þættinum meðan á umfjölluninni stendur.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllir umræddur þáttur skilyrði þess að teljast fréttatengt efni, þar sem í honum er að finna greiningu á máli sem verið hefur til umfjöllunar í fréttum og komið hefur til kasta héraðs dómstóla. Þá er framsetning þáttarins í anda fréttaskýringaþátta sem byggjast á gagnrýnni rannsóknarblaðamennsku. Í upphafi þáttarins kemur fram að hann sé kostaður af KB umbúðum, auk þess sem þátturinn var merktur sem kynningarefni á vef Hringbrautar. Er þátturinn þannig auðkenndur sem kostað efni, en sem fyrir segir er kostun fréttatengds efnis óheimil skv. 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla.

Umfjöllun í þættinum einkennist af einhliða gagnrýni fyrrum eigenda og starfsmanna Sigurplasts, og núverandi forráðamanns KB umbúða, kostanda þáttarins, á framgöngu nafngreinds skiptastjóra þrotabús Sigurplasts, ásamt ítrekuðum myndbirtingum af honum. Í þættinum talar þáttastjórnandi ítrekað um meinta aðför skiptastjórans gegn föður framkvæmdastjóra Sigurplasts, sem jafnframt var starfsmaður hjá fyrirtækinu, vegna riftunar á launagreiðslum til hans, án þess að þess sé getið að sú riftun hafi verið staðfest fyrir dómstólum og án þess að nokkrar frekari tilraunir séu gerðar til þess að varpa ljósi á umrætt mál. Þá eru öll innslög þáttastjórnanda og viðtöl við viðmælendur að öðru leyti til þess fallin að styðja einhliða frásögn kostanda eða aðila tengdum honum, auk þess sem ítrekaðar myndbirtingar af viðkomandi skiptastjóra renna stoðum undir sömu niðurstöðu.



FJÖLMIÐLANEFND

Fram kemur í þættinum að skiptastjóranum hafi verið boðið að koma í viðtal til að svara þeim ásökunum sem fram hafi komið um störf hans. Hafi hann ekki orðið við þeirri ósk en þess í stað sent skriflega yfirlýsingu, sem lesin er upp í þættinum. Þannig er gefið til kynna að leitast hafi verið við að gæta jafnvægis í umfjölluninni og að leitað hafi verið sjónarmiða þess einstaklings sem um var fjallað. Í ljósi þess að efnið var kostað af aðilum sem áttu hagsmuna að gæta og vart geta talist vilhallir viðkomandi einstaklingi getur fjölmiðlanefnd ekki fallist á að með þessu hafi jafnvægis og hlutlægni verið gætt, sbr. þær kröfur sem gerðar eru í 26. gr. laga um fjölmiðla. Þvert á móti leiði kostun hagsmunaaðila á fréttatengdu dagskrárefni, þar sem sjónarmiðum viðkomandi er gert hærra undir höfði en gagnstæðum sjónarmiðum, beinlínis til þess að kröfur 26. gr. um hlutlægni og nákvæmni geti vart talist uppfylltar. Af framangreindu leiðir enn fremur að ekki verður litið öðruvísi á en svo að kostandi þáttarins, KB umbúðir, hafi haft áhrif á innihald og efnistöð hans kostaða efnis, en slíkt fer gegn fyrirmælum 1. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að með miðlun þáttarins *Þrotabú Sigurplasts* á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og vefnum Hringbraut.is hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun á fréttatengdu efni og 1. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla, um bann við áhrifum kostenda á innihald og efnistöð kostaðs efnis. Jafnframt er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að með miðlun þáttarins hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, með því að gæta ekki að hlutlægni og nákvæmni í hinu fréttatengda efni.

Með vísan til þeirrar niðurstöðu hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Hringbraut Fjölmiðla í samræmi við n-lið 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 500.000 kr., en við ákvörðun sektar var tekið mið af eðli brots og alvarleika þess.

IV. Ákvörðunarorð

Hringbraut Fjölmiðlar brutu gegn 1. og 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla með óheimilli kostun á fréttatengdu efni í þættinum *Þrotabú Sigurplasts*, sem sýndur var á Hringbraut þann 8. febrúar 2018. Jafnframt brutu Hringbraut Fjölmiðlar gegn 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, með því að gæta ekki að hlutlægni og nákvæmni í hinu fréttatengda efni.

Hringbraut greiði 500.000 kr. í stjórnvaldssekt.



FJÖLMÍÐLANEFND

Halldóra Þorsteinsdóttir

Björn Vignir Sigurpálsson

Kolbrún Sævarsdóttir

Róbert H. Haraldsson